

LEIÐBEININGAR



GREIÐA MEÐ RAÐGREIÐSLUM Í VEFVERSLUN ELKO

1. Vörur settar í körfu og farið í körfuna til að klára greiðslu.
2. Þar getur viðskiptavinur skráð sig inn eða klárað sem gestur.
3. Þegar búið er að fylla út eða velja móttakanda er valið um afhendingu og svo farið í greiðsluleið.
4. Í greiðslumáta er valið „Valitor Kortalán“

Valitor Kortalán

Vinsamlegast athugið: Lán er ekki frágengið fyrr en að samþykkt hefur verið með rafrænum skilríkjum í seinasta skrefi.



3-12 mánuðir - Vaxtalaust

Dæmi: Í 12 mánuði. 0% vextir, 3,5% lántökugjald og 1.225 kr./greiðslu. Alls. 41.080 kr. ÁHK: 30,96%

5. Þegar það er valið og ýtt er á áfram. Kemur upp þessi síða:

The image shows a checkout page for ELKO ehf. On the left, a summary box displays the company name and phone number (561000-3280), the total amount (34.995 ISK), and a button for 'Vörur' (Products) with a link to 'Sjá allar vörur' (View all products). The right side of the page is a payment form with sections for 'Kauþandi' (Customer), 'Heimilisfang' (Home address), and 'Greiðsluupplýsingar' (Payment information). The 'Kauþandi' section includes fields for Kennitala (ID number), Nafn (Name), Sími (Phone), Netfang (Email), and Athugasemdir (Comments). The 'Heimilisfang' section includes fields for Heimilisfang (Home address), Póstnúmer (Postcode), Staður (City), and Land (Country). The 'Greiðsluupplýsingar' section includes a field for Kortnúmer* (Card number), a field for Gildistími* (Expiration date) with a dropdown menu showing 'MM / ÁÁ', and a field for Öryggisnúmer* (Security code). A 'Næsta Skref' (Next Step) button is at the bottom, with a 'Hætta við' (Cancel) link below it.

6. Hérna fyllir viðskiptavinur út allar upplýsingar um sig ásamt því að setja kortið sitt inn. Ef viðskiptavinur er að nota valitor greiðslugáttina í fyrsta skiptið þá þarf að staðfesta kortið með 3d secure greiðslu, þá annaðhvort með sms kóða eða staðfestingu í netbanka.

7. Þegar það er komið kemur upp greiðsluáætlun:

Greiðsluáætlun

Fyrsti gjalddagi

1.5.2023

Fjöldi gjalldaga

3

| Nr. | Gjalddagi | Afborgun | Vextir | Færslugjald | Greiðsla |
|-----------------|------------|----------|--------|-------------|----------|
| 1 | 01.05.2023 | 12.073 | 0 | 405 | 12.478 |
| 2 | 01.06.2023 | 12.074 | 0 | 405 | 12.479 |
| 3 | 01.07.2023 | 12.073 | 0 | 405 | 12.478 |
| Samtals krónur: | | 36.220 | 0 | 1.215 | 37.435 |

Athugið að kortalánið verður ekki fullstofnað fyrr en búið er að skrifa undir það í næsta skrefi.

Stofna kortalán

Hætta við

Gott að athuga textan sem er hér neðst á skjalinu „Kortalánið verður ekki fullstofnað fyrr en búið er að skrifa undir það í næsta skrefi.“

8. Þegar valið er „stofna kortalán“ ferð þú á næsta glugga:

Áður en kortalán verður skráð þarf að undirrita með rafrænum hætti til staðfestingar

Afrit af kortaláninu var sent á netfangið:

Vinsamlegast undirritið kortalán

Símanúmer:

Undirrita

Um leið og þú ferð á þetta skref nær vafrinn í skjal sem sýnir þér hvernig lánið verður uppsett og sendir þér einnig tölvupóst með upplýsingum. Einnig kemur annar póstur nokkrum mín seinna með skilmálum um neytendalán. Þessir póstar þýða ekki að lánið sé orðið virkt.

Ef viðskiptavinur er í símanum þá opnast pdf skjalið að öllum líkindum sjálfkrafa og viðskiptavinur þarf að skipta um glugga aftur á vafrann til að ná að klára lánið almennilega.

- Þegar búið er að setja inn símanúmer og ýta á undirrita fær viðskiptavinur auðkenningarbeiðni í símann og skrifar undir með rafrænu.
- Þegar undirskrift er kominn í gegn fer viðskiptavinur á lendingarsíðu á Elko síðunni aftur. Með yfirlit yfri pöntun, svipað og kemur í staðfestingarpósti.
- Þá eru kaupin klár.
- Viðskiptavinur fær svo þriðja tölvupóstinn með samningnum. Á þeim samning er undirskrift efst í vinstra horninu er Undirskriftin frá rafrænu skilríkjunum.